



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Dagsetning 28. maí 2024
Málsnúmer DMR24010231

Vísað er til erindis embættis umboðsmanns Alþingis frá 3. júlí 2023 þar sem ráðuneytinu var send þemaskýrsla embættisins á grundvelli OPCAT-eftirlits, mál nr. O16/2023. Í skýrslunni er sjónum serstaklega beint að aðbúnaði og aðstæðum kvenna í fangelsum hér á landi. Við undirbúning skýrslunnar heimsóttu umboðsmaður og starfsmenn hans fangelsin á Hólmsheiði og að Sogni í febrúar og mars 2023. Í skýrslunni er þremur tilmælum beint til dómsmálaráðuneytisins.

Í fyrsta lagi er þeim tilmælum beint til ráðuneytisins og Fangelsismálastofnunar að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að kvenfangar hafi í raun sömu möguleika á að afplána í opnu fangelsi við viðunandi aðstæður og karlar í sömu stöðu.

Í öðru lagi er þeim tilmælum beint til Fangelsismálastofnunar og ráðuneytisins að leggja heildstætt mat á það hvort aðstæður í íslenskum fangelsum séu viðunandi fyrir afplánunarfanga með ung börn þannig að skýr afstaða til þess liggi fyrir hjá fangelsismálayfirvöldum. Verði það afstaða þeirra að mögulegt eigi að vera að vista ung börn með foreldri í afplánun er sömu aðilum bent á að sjá til þess að fyrir hendi sé formleg og skýr viðbragðsáætlun sem fjalli um til hvaða aðgerða þurfi að grípa til þess að svo geti orðið.

Þá er í þriðja lagi þeim tilmælum beint til Fangelsismálastofnunar og dómsmálaráðuneytisins að taka til skoðunar hvort með því að vista konur og karla sameiginlega í Fangelsinu að Sogni, við núverandi aðstæður, sé tekið nægjanlegt tillit til aðstæðna, öryggis og þarfa kvenna.

Vinna við stefnumótum í fullnustumálum er hafin en hún felst meðal annars í greiningu á stöðu fullnustumála á Íslandi, meðal annars hvað varðar húsnæði og aðbúnað fanga. Jafnframt verður unnin greining á stöðu kvenna í fangelsum og á aðbúnaði og rétti barna sem eiga foreldra í afplánun til samvista við foreldra meðan á afplánun stendur. Fer greiningin og stefnumótunin fram í samráði við þau ráðuneyti og stofnanir sem koma að málaflöknum en jafnframt verður leitað til annarra sérfræðinga og hagaðila. Gert er ráð fyrir að ný stefna í málaflöknum liggi fyrir í lok þessa árs og í þeirri vinnu verður tekið mið af athugasemdum umboðsmanns Alþingis. Í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins er nú unnið að því að greina húsnæðið á Sogni og hefur ráðuneytið þegar tekið ákvörðun um að fjölga fangarýmum þar. Í fyrirhuguðum breytingum er gert ráð fyrir meiri aðskilnaði milli kynja þannig að taka megri enn frekar tillit til þarfa kvenfanga í fangelsinu.

Verulega hefur dregist að svara erindi umboðsmanns og er beðist velvirðingar á því.

Fyrir hönd ráðherra


Bryndís Helgadóttir


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson